



Starfsþróunaráætlun Hrafnagilsskóla 2025-2026

Skólum er skylt að útbúa starfsþróunaráætlun árlega og kynna hana fyrir starfsfólki. Starfsþróunaráætlun Hrafnagilsskóla á að vinna að markmiðum sem lýst er í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 gr. 12 og kjarasamningum þeirra starfsstétta sem starfa við skólann.

Helstu áherslur í starfsþróunaráætlun Hrafnagilsskóla

Í Hrafnagilsskóla er starfsþróunaráætlun byggð á eftirfarandi áherslupáttum:

- Allir starfsmenn þekki hugmyndafræði og vinnubrögð agastefnu skólans sem er Jákvæður agi og beiti þeim í daglegu starfi.
- Allir kennarar taki þátt í þróun kennsluhátta og námsmats í takt við kröfur Aðalnámskrár grunnskóla og menntastefnu Eyjafjarðarsveitar.
- Allir starfsmenn hafi svigrúm til að þróa færni sína og þekkingu á því sviði sem þeir hafa mestan áhuga á og þjónar þörfum skólans.
- Allir starfsmenn eiga að hafa grunnfærni í skyndihjálp.
- Allir starfsmenn eiga að þekkja helstu taugaproskaraskanir og ástæður algengustu námserfiðleika.

Hvað er starfsþróun?

Hugtakið starfsþróun vísar til þess að starfsfólk geti þróað færni sína, þekkingu og viðhorf og þannig nýtt hæfileika sína og dafnað áfram í starfi. Frumkvæði starfsmanna, metnaður og starfsþróun er lykill að árangri. Starfsþróun miðar að því að auðvelda einstaklingum að meta þekkingu sína og færni og ákveða áframhaldandi þróun í starfi. Símenntun er þannig einn þáttur í starfsþróun einstaklings sem gefur viðkomandi kost á að sýna í verki nýfengna þekkingu með því að takast á við ný verkefni eða axla meiri ábyrgð. Starfsþróun getur einnig komið í veg fyrir kulnun í starfi. Starfsþróunina má vinna á eigin vegum eða í samvinnu við annað fagfólk, m.a. með lestri, rannsóknum og þátttöku í námssamfélögum. Hver starfsmaður ber ábyrgð á eigin starfsþróun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika sína og auka þannig líkur á starfsánægju.

Í hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla kemur fram að kennarar og stjórnendur þurfa að vera faglegir leiðtogar sem leggja sig fram um að skapa umbótamiðað lærdómssamfélag. Einnig þurfa þeir að taka ábyrgð á eigin starfsþróun og vinna að henni alla starfsævina (<https://island.is/reglugerdir/nr/1355-2022>). Þetta kemur einnig fram í lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda (<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2019095.html>).

Mikilvægt er að starfsþróunin samanstandi af sem flestum af eftirfarandi þáttum til þess að viðhafa fjölbreyttar námsaðferðir:

- Endurmenntunarnámskeið.
- Háskólanám.




- Starfendarannsóknir.
- Ráðstefnur.
- Málþing.
- Fyrirlestrar.
- Starfsmannafundir.
- Leshringir.
- Fagleg samræða.
- Lestur fræðiritra, blaðagreina og bóka.
- Fræðsluþættir.
- Handleiðsla.
- Þróunarverkefni.
- Jafningjafræðsla.
- Ýmis ígrundun.
- Skólaheimsóknir.
- Menntabúðir.

Starfspróun má skipta í tvo meginþætti:

- Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann.
- Þættir sem starfsmaður metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig.

Margir fræðimenn hafa rannsakað starfspróun og til eru ýmis líkön sem lýsa sambandi ólíkra þátt í starfspróun. Eitt af því er líkan Salo og félaga (2024, bls. 13) um tíma- og staðbundna starfspróun. Þar lýsa þau hvernig efnahagslegir-, menningarbundnir og félagslegir þættir fléttast saman og leiða til faglegs og persónulegs þroska.

Stjórnendur Hrafnagilsskóla leggja áherslu á það ferli sem lýst er í líkaninu og vilja skapa aðstæður til þess að hver starfsmaður geti þroskast í starfi og þróað hæfni sína. Til þess þurfa að vera til staðar þættir eins og t.d. samstaða, gagnkvæmt traust og sjálfræði. Mikilvægt er að vinnustaðurinn skapi aðstæður fyrir rannsóknir, samstarf, ígrundun og samtal og það er gert m.a. í fagteymum, á starfsdögum, með orðræðu og stuðningi við fjölbreytta starfspróun einstaklinga.





Starfspróunarverkefni Hrafnagilsskóla 2025 – 2026

Verkefni	Fyrir hverja?	Hvenær?
Skyndihjálparnámskeið	Allt starfsfólk.	18. ágúst 2025
Fræðsla um samskipti og liðsheild.	Annað starfsfólk en kennarar.	Ágúst 2025
Fræðsla um samskipti og liðsheild.	Kennarar.	Ágúst 2025
Námskeið á vegum Mentor. Námslotur, verkefni og námskrár.	Kennarar.	Ágúst 2025 (féll niður vegna þoku).
Handleiðsla teyma um samskipti, samstarf og streituvalda.	Kennarar.	September og október 2025
Skólaheimsókn í Stapaskóla. Skipulag, námsfyrirkomulag o.fl.	Allt starfsfólk.	16. október 2025
Skólaheimsókn í Urriðaholtsskóla. Taugaþroskaraskanir, lestrarkennsla, agastjórnun o.fl.	Allt starfsfólk.	17. október 2025
Námskeið um samskipti o.fl. á vegum KVAN.	Allt starfsfólk.	16. október 2025
Menntabúðir Eymenntar	Allt starfsfólk. Valfrjálst.	18. nóvember 2025, 10. febrúar 2026, í apríl 2026.
Kynning á agastefnunni Jákvæður agi.	Nýtt starfsfólk.	2. febrúar 2026
Vinna við innleiðingu SNKN (skipulag náms, kennsla og námsmat).	Kennarar.	Reglulega á kennarafundum og starfsdegi í vor.
Ígrundunardagar að vori. Fagteymi kynna vinnu vetrarins.	Kennarar.	Vor 2026

Fjármögnun starfspróunarverkefna



Skólinn og starfsmenn skipta kostnaði við starfsþróun á milli sín. Starfsmenn nýta styrki úr endurmenntunarsjóðum hjá stéttarfélögum og öðrum þróunarsjóðum til að fjármagna starfsþróun sína. Skólinn fjármagnar verkefni sem ætluð eru öllum starfsmönnum eða eru sérstaklega tilgreind á annan hátt í starfsþróunaráætluninni.

Vinnustaður greiðir.	Kostnaði skipt á milli vinnustaðar og starfsmanns.	Starfsmaður greiðir.
Vinnustaður fer fram á þátttöku.	Starfsmaður óskar eftir þátttöku og tengsl við starf eru ljós. Forfallakennsla getur verið hluti af kostnaði vinnustaðar.	Starfsmaður greiðir þátttökugjöld og/eða ferðakostnað með styrkjum eða úr eigin vasa. Tengsl við starf eru ljós.

Sjóðir sem starfsmenn geta sótt um styrki til eru m.a.:

- Endurmenntunarsjóðir Kennarasambands Íslands (t.d. þróunarstarf, námslaun, námskeiðsgjöld, ferðastyrkir).
- Sjóðir BHM (fyrir þroskaþjálfara, iðjuþjálfara o.fl.).
- Sprotasjóður (styrkir þróunarstarf).
- Endurmenntunarsjóður grunnskóla (skólar sækja um styrki).

Viðmiðunartímar

Fjöldi stunda í starfsþróun fer eftir aldri kennara og samhangandi við orlofsrétt þeirra:

Kennarar	Endurmenntun	Orlofsréttur
Allir	150 klst.	30 dagar

Þar að auki leggst 33% álag á endurmenntun ef hún fer fram á starfstíma skólans og 45% sé hún á frídögum eða um helgar.

Á vordögum, fyrir sumarfrí láta kennarar skólastjóra vita hvaða daga sumarsins þeir ætla að vera í sumarfrí og hvaða daga þeir ætla að nota í endurmenntun. Ef ekki er látið vita senda skólastjórnendur kennurum dagsætningar á endurmenntun og orlofi.

Framkvæmd starfsþróunar

Starfsþróun er samstarfsverkefni hvers starfsmanns og skólans sem stofnunar. Vilji og viðhorf starfsmanna skipta öllu máli varðandi það hvort starfsþróunin nýtist honum vel eða ekki.

Ábyrgð og frumkvæði

Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu starfsþróunaráætlana og aðstoðarskólastjóri er skólastjóra til aðstoðar. Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin starfsþróun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika. Það tekur virkan þátt í gerð eigin starfsþróunaráætlunar, fylgir henni eftir og óskar eftir



aðstoð ef þörf krefur. Starfsfólk greinir skólastjóra frá þeim þáttum endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Hver starfsmaður ber ábyrgð á að halda skrá um þátttöku sína í endurmenntun og öðrum starfsþróunarverkefnum og tímamagn sem í þessi verkefni fer. Þessa samantekt kynnir starfsmaðurinn í starfsmannaviðtali.

Starfsmenn sækja um námskeið til stjórnenda í starfsmannasamtölum en einnig á öðrum tíma ef þurfa þykir. Forgangsraðað er í samræmi við áherslur skólans og fjármagn.

Framhaldsnám og fjarnám

Framhaldsnám/fjarnám á sviði sem skólastjóri metur að tengist beint starfi viðkomandi starfsmanns er styrkt af Eyjafjarðarsveit með þeim hætti að starfsmanni er gefið leyfi á launum til að sækja lotur eða sækja fyrirlestra. Umsóknirnar skal senda skólastjóra fyrir lok skólaárs vegna náms á næsta ári eða eftir samkomulagi. Reynt er að jafna tækifæri til starfsþróunar hverju sinni en einnig verður tekið tillit til þátttöku starfsmannsins á fyrri árum.

Endurskoðun

Gert er ráð fyrir að starfsþróunaráætlun starfsfólks sé í stöðugri endurskoðun og geti breyst m.a. eftir aðstæðum, framboði og verkefnum hverju sinni.

Starfsþróunaráætlun Hrafnagilsskóla skóla er endurskoðuð að vori og lögð fyrir starfsmannafund að hausti.

Birting starfsþróunaráætlunar

Starfsþróunaráætlun skólans er hægt að nálgast á vefsíðu hans.

Heimildir:

Salo, P., Francisco, S. og Olin, A. (2024). Understanding professional learning in and for practice. *Professional Development in Education*. DOI:10.1080/19415257.2024.2311108

Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla (2019).

Reglugerð um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla (2022).